

**GJALDSKRÁ**  
**fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit  
á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, efnalögum nr. 61/2013, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðis-eftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

Tímagjald fyrir þjónustu er	kr. 14.000
Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun er	kr. 18.000
Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns er	kr. 502.000
Aðildarsveitarfélögini sjá um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætluð tíðni eftirlits.	

Unnt er að sækja um lækkun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á sílka lækkun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald. Þá er áætlaður tími fyrir hvorn fyrirtækjaflokk lagður saman en einungis eitt akstursgjald tekið enda sé eftirlitsferð samnýtt.

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis sér um gjaldtökum vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun sem og þjónustuverkefna sem til falla.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum skráningu greiðast kr. 36.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á, heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 785/1999.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast kr. 29.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast kr. 14.000.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast kr. 36.000.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirliggjandi gögnum greiðast kr. 27.000.

Fyrir húsnæðisskoðun greiðast kr. 36.000 en Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er þó heimilt að lækka eða fella það niður. Fyrir ítarlega húsnæðisskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs- og götusölu greiðast kr. 24.000 en Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármálaráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölgja tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimrir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðir eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Nr. 1391

18. desember 2019

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta sem settar eru samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum skal heilbrigðisnefnd innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi fyrir starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfis og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfellt.

5. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum með heimild í 12 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 350/2019 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

*Mosfellsbæ, 18. desember 2019.*

F.h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

**Þorsteinn Þorsteinsson** framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	0,25	11.375
90.00.0.3	Aðrar skólpdreinsistöðvar	1	49.500
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 staði	0,5	51.250
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	2	161.000
52.31.0.0	Apótek	0,5	33.250
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	29.750
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	38.750
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	75.500
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	98.500
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	183.000
50.50.0.1	Bensinstöðvar, mannaðar	1	119.500
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	84.500
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	27.250
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	42.250
50.20.0.4	Bifreiðaréttigar	0,5	19.250
50.20.0.3	Bifreiðasprautun	0,5	26.250
50.30.0.2	Bílapartasölur	1	52.500
15.96.0.0	Bjórgerð, lítil	1	59.500
28.52.0.1	Blikksmíði	0,33	15.015
50.20.0.6	Bón- og bílapvottur, handvirk	0,33	15.015
50.20.0.5	Bón- og bílapvottur, sjálfvirk	0,5	42.250
37.20.0.2	Brennur, endurvinnsla úrgangs	0,5	38.500
85.32.1.1	Dagmömmur með > 6 börn	0,25	14.875
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	11.375
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili	0,5	26.250
85.20.0.2	Dýralæknastofa	0,5	22.750
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	29.750
01.24.0.2	Eggjabú	0,5	47.750
85.11.3.0	Endurhæsing	0,5	47.250
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðssstarfsemi	0,25	11.375
52.23.0.1	Fiskbúð	1	77.500
63.23.0.1	Flugvöllur, litill	0,33	31.185
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	22.750
80.21.0.1	Framhaldsskóli	0,5	47.250
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	22.750
10.31.0.0	Framleiðsla á kartöfluflögum, lítil	1	59.500
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti	1	59.500
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	38.500
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja, lítil	1	59.500
24.20.0.1	Garðaúðun	0,5	22.750
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	28.000
50.30.0.1	Geymslusvæði	0,5	33.250
55.12.0.1	Gististaður, lítill	0,25	11.375
55.12.0.2	Gististaður, miðlungs	0,5	26.250
55.12.0.3	Gististaður, stór	1	66.500
80.10.0.1	Grunnskólar	0,5	47.250
85.32.2.3	Gæsluvellir og opin leiksvæði	0,5	22.750
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur og snyrtistofur	0,5	22.750
51.31.0.1	Heildverslun, lítil	0,5	19.250

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
51.31.0.2	Heildverslun, miðlungs	0,5	40.250
51.31.0.3	Heildverslun, stór	1	182.500
85.12.1.1	Heilsugeslustöðvar	0,5	26.250
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða, lítið	0,25	14.875
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, stórt	0,5	43.750
40.10.0.2	Hitaveita úr lághita	0,33	24.255
01.42.0.1	Hundahótel	0,25	9.625
85.14.9.4	Húðflurstofur	1	45.500
85.14.9.5	Húðgötun	0,5	22.750
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	0,5	22.750
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	29.750
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	73.500
92.61.0.8	Íþróttavellir	0,25	9.625
37.20.0.4	Jarðboranir	1	38.500
85.14.9.3	Jógastofur, heilun o.fl.	0,25	11.375
55.40.0.0	Kaffihús eða krá, lítil	0,5	31.750
55.40.0.2	Kaffihús eða krá, stór	1	100.500
55.40.0.1	Kaffihús eða krá, miðlungs	1	63.500
92.62.2.0	Kappaksturs- og æfingabraut	1	52.500
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	9.625
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	11.375
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	1	84.500
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil	1	70.500
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	29.750
92.31.0.1	Leikhús	0,5	19.250
85.32.2.1	Leikskólar	0,5	47.250
17.30.0.1	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	1	98.500
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	22.750
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	59.500
01.25.2.0	Loðdýrabú	0,5	51.250
85.12.2.1	Læknastofur án aðgerðarýmis	0,25	7.875
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,33	21.945
52.62.0.1	Markaður, lítill	0,5	22.750
52.62.0.2	Markaður, miðlungs	1	59.500
52.62.0.3	Markaður, stór	2	133.000
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	63.500
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	84.500
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	123.500
55.30.1.7	Matsöluvagn, lítill	0,5	31.750
55.30.1.8	Matsöluvagn, stór	1	63.500
52.11.2.4	Matvöruverslun, lítill	1	45.500
52.11.2.5	Matvöruverslun, miðlungs	1	59.500
52.11.2.6	Matvöruverslun, stór	1	98.500
35.11.0.1	Málmsmiðja	0,5	29.750
20.20.0.2	Meindýrvarnir	0,33	17.325
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	1	94.500
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	108.500
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	45.500
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	66.500
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	98.500
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	0,5	22.750

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	45.500
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	77.500
45.11.0.1	Niðurrif húsa undir 250 m <sup>2</sup>	1	35.000
45.11.0.2	Niðurrif húsa yfir 250 m <sup>2</sup>	1	52.500
93.04.0.9	Nuddstofur	0,25	11.375
25.21.0.1	Plastiðnaður	1	73.500
22.22.9.2	Prentiðnaður	0,33	21.945
92.62.0.1	Reiðhöll	0,25	9.625
92.72.0.1	Reiðskólar og hestaleigur	0,5	22.750
50.20.0.8	Ryðvarnarverkstæði	1	45.500
01.12.1.0	Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	0,5	40.750
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	54.500
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	84.500
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	169.000
52.11.3.3	Sala á tóbaki	0,5	22.750
15.33.0.2	Salatgerð	1	102.500
55.40.0.3	Samkomusalur, lítill	0,25	11.375
55.40.0.4	Samkomusalur, miðlungs	0,5	29.750
55.40.0.5	Samkomusalur, stór	1	59.500
58.51.3.9	Sandblástur	0,33	12.705
85.14.1.1	Sjúkrabjálfun	0,5	22.750
55.30.2.1	Skemmtistaðir	1	59.500
85.32.3.2	Skóladagheimili	0,5	29.750
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar og/eða fráveita 2.000-10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	1	676.500
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,33	13.860
50.20.0.7	Smurstöðvar	1	54.500
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	22.750
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla, lítil	0,5	26.250
24.52.0.2	Snyrtivöruframleiðsla, stór	1	140.500
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	1	59.500
93.04.0.8	Sólbaðsstofur	1	45.500
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,33	24.255
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	1	108.500
85.31.5.2	Stofnanir fyrir áfengissjúklinga	0,25	18.375
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	2	191.000
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	3	286.500
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	0,5	26.250
85.31.1.2	Sumarbúðir fyrir börn	0,5	44.250
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	117.500
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	2	199.000
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	3	352.500
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	77.500
52.11.3.1	Söluturn	0,5	22.750
52.11.3.2	Söluturn með óvarin matvæli	1	72.500
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,5	33.250
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	1	38.500
55.22.0.2	Tjald- og gistivagnastæði, miðlungs	0,5	29.750
55.22.0.3	Tjald- og gistivagnastæði, stór	1	59.500
55.22.0.1	Tjald- og gistivagnastæði, lítið	0,25	11.375
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	11.375
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði	0,33	15.015

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
41.00.0.7	Vatnsveitur < 151 íbúa eða matvælaframleiðsla	1	63.500
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.001-5.000 íbúa	4	454.000
41.00.0.8	Vatnsveitur 151-500 íbúa	1	56.500
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.001-10.000 íbúa	5	945.500
41.00.0.6	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	110.500
41.00.0.9	Vatnsveitur til einkanota	0,5	40.750
26.82.9.1	Verkstæðisaðstaða verktaða	1	108.500
29.11.0.0	Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	19.250
50.20.0.9	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	15.750
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	21.000
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	66.500
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,33	15.015
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	11.375
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	0,5	33.250
85.31.3.0	þjónustumiðstöð fyrir eldriborgara	0,5	22.750

---

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2020